



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lifi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristí krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
--	--

Blessun

Eftirspil

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir

*Prestur: sr. Práinn Haraldsson
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Kammerkór Akraneskirkyju
Einsöngur: Halldór Hallgrímsson
Útfararþjónusta Akraneskirkyju*

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness að bálför lokinni
Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni
að athöfn lokinni



Þórður Magnússon

Fæddur 25. febrúar 1935

Dáinn 12. febrúar 2023



Útför frá Akraneskirkyju
fimmtudaginn 23. febrúar 2023

Forspil

Ave María

Sigvaldi Kaldalóns

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunn þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ drottinn minn.
Erlent lag - Pétur Þórarinnsson

Ritningarorð

Ég er á langferð um lífsins haf
og löngum breytinga kenni.

Mér stefnu frelsarinn góður gaf.

Ég glaður fer eftir henni.

Mig ber að dýrðlegum ljósum löndum,
þar lífsins tré gróa´ á fögnum ströndum,
við sumaryl og sólardýrð.

Mitt skip er lítið, en lögur stór
og leynir þúsundum skerja.
En granda skal hvorki sker né sjór,
því skipi´ er Jesús má verja.
Hans vald er sama sem var það áður,
því valdi´ er særinn og stormur háður.
Hann býður: „Verði blíðalogn!”

Lát akker falla! Ég er í höfn.
Ég er með frelsara mínum.
Far vel, þú æðandi, dimma dröfn,
vor Drottinn bregst eigi sínum.
Á meðan akker í ægi falla
ég alla vinina heyri kalla,
sem fyrri urðu hingað heim.
Henry Tandberg -
Valdimar V. Snævarr

Guðspjall

Þar sem englarnir syngja sefur þú.	Faðir minn láttu lífsins sól.
Sefur í djúpinu væra.	Lýsa upp sorgmætt hjarta.
Við hin sem lifum, lifum í trú.	Hjá þér ég finn, frið og skjól.
Að ljósið bjarta skæra.	Láttu svo ljósið þitt bjarta.
Veki þig með sól að morgni.	Vekja hann með sól að morgni.
Veki þig með sól að morgni.	Vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljós.	Drottinn minn réttu sorgmæddri sál.
Lát náð þína skína svo blíða.	Svala líknarhönd.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós.	Og slökk þú hjartans harmabál.
Tak burt minn myrka kvíða.	Slít sundur dauðans bönd.
Þú vekur hann með sól að morgni.	Svo vaknar hann með sól að morgni.
Þú vekur hann með sól að morgni.	Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær.
Aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Bubbi Morthens

Minningarorð

Minn bátur er búinn
til brottfarar úr steindri vör
Með sál mína siglir hann lúinn
nú síðustu lagt er í för.

Og Þegar lífsbókin lokast
og landið mitt hverfur í haf
í suðrænum þey burtu þokast
ég þakka allt sem almættið gaf.

Þegar tónarnir tynast
í tómið og allt verður hljótt
og myndir og minningar sýnast
í móðu er fellur á nótt.

Ég ykkur að síðustu segi
að sitthvað ég betur gat gert
og gjarnan ég villtist af vegi
og valdi margt ámælisvert.

Ég bið fyrir byggð og fósturjörð,
ég bið fyrir gæfu og vonum.
Stattu um vinina mína vörð
og vaktu yfir dætrum og sonum.
Svo bið ég þig Guð sem gafst mér flest
geri það bljúgur í sinni.
Verndaðu hana sem var mér best
vaktu yfir ástinni minni.

Í skjólin flest fýkur,
allt fellur í gleyskunnar dá
og jarðneskri vist minni lýkur,
lokast í hinsta sinn brá.

Á ævileið áfangar vinnast
og ykkur ég sagt ykkur get jú það
að aftur svo ástvinir finnast
á öðrum og bjartari stað.

Ég bið fyrir byggð og fósturjörð,
ég bið fyrir gæfu og vonum.
Stattu um vinina mína vörð
og vaktu yfir dætrum og sonum.
Svo bið ég þig guð sem gafst mér flest
geri það bljúgur í sinni,
verndaðu hana sem var mér best
vaktu yfir konunni minni.

Minn bátur er búinn,
til brottfarar úr steindri vör.
Með sál mína siglir hann lúinn
nú síðustu lagt er í för.

Og Þegar lífsbókin lokast
og landið mitt hverfur í haf
í suðrænum þey burtu þokast
ég þakka allt sem almættið gaf.

Björn Eidsvåg -
Halldór Hallgrímsson

Bæn / Faðir vor

Dagur er liðinn, dökk skín um völinn,
dottar nú þröstur á laufgrænum kvist.
Sefur hver vindblær, sól guðs við fjöllin
senn hefur allt að skilnaði kysst.
Dvel hjá oss, guðs sól, hverf ei með hraða,
himneskt er kvöld í þinni dýrð;
ljósgeislum tendrast lífsvonin glaða.
Lýs vorri sál er burt þú flýrð.

Guðfagri ljómi, geislann þinn bjarta
gráta mun jörðin með társtirnda brá.
Seg hverju blómi, seg hverju hjarta:
“Senn skín þinn morgunn við himinfjöll blá.”
Hníg þú nú, guðssól, að helgum beði
harmdögg mun breytast í fegins tár;
kvöldhryggðin ásthrein til árdags gleði
upprís við dýrðar morgunsár.
Bechgaard – Steingrímur Thorsteinsso